Ed.

## 74. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og telur það til bóta. Hefir nefndin ekkert að athuga við frv. sjálft, en fyrirsögn þess er ekki í samræmi við nafn þeirra laga, sem breyta á. Þau heita lög um skráning skipa. Leggur nefndin til að frv. verði samþykt með þessari

BREYTINGU:

Fyrirsögn frv. verði:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa.

Alþingi, 5. mars 1929.

Erlingur Friðjónsson, form.

Ingvar Pálmason, fundaskrif. og frsm.

H. Steinsson.